**Sþ.** **605. Þingsályktun** [10. mál]

um votheysverkun.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er með því að:

1) kynna bændum reynslu þeirra, sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun,
2) veita hærri stofnlán til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna og
3) veita sérstök stofnlán til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður.